

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Skúlatúni 2
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. maí 2013
Tilvísun: UST20130300095/ksj

Lýsing. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 - 2024. Tillaga að breytingu: Mýrargata - Geirsgata, tillaga um að falla frá stökkalausn. Lítilsháttar tilfærsla á mótum Geirsgötu og Kalkofnsvegur.


Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, Mýrargata – Geirsgata.


Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024 er gert ráð fyrir færslu Mýrargötu sem stofnbrautar til norðurs inná núverandi Slippasvæði og að stofnbrautin verði lögð í stökk. Ástæður fyrir stökkalausn fyrir Mýrargötu voru m.a. að gert var ráð fyrir 700 íbúða byggð á landfyllingu við Ánanaust. Í tillögu að rammaskipulagi fyrir gömlu höfnina sem byggir á hugmyndasamkeppni, er ekki gert ráð fyrir mögulegum landfyllingum í Örfirisey og felldur út sá þáttur er snýr að því að setja umferð um Mýrargötu fram hjá Slippasvæðinu í stökk.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024 felur í sér að fallið er frá stökkalausn á Mýrargötu. Einnig verður gert ráð fyrir lítilsháttar tilfærslu á mótum Geirsgötu og Kalkofnsvegur til samræmis við rammaskipulag Gömlu hafnarinnar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áherslur umhverfismats breytingartillögunnar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur